

## GILDANDI SKIPULAG



Hluti af gildandi deiliskipulagi Stykkishólmur miðbær samþykkt 28.8.2003, með síðari breytingum samþykktum 26.5.2005 - mkv. 1:1000, 29.11.2007 - mkv. 1:1000, 29.01.2009 - mkv. 1:1000, 20.05.2009 - mkv. 1:1000 og 09.10.2012 - mkv. 1:1000


## GILDANDI TEXTI OG KENNISNIÐ - (eftir samþykkt síðustu breytinga)

Byggingareitur merktur B er minnkaður, færður til og er ætlaður fyrir íbúðarhús á tveimur hæðum. Byggingareitur er 8 m x 12 m og er heimilt að fullbyggja hann, tvær hæðir innan kennisniðs.

Leyfileg hámarkshæð mænis er hækkuð og er nú 8,3 m frá botnplötu. Þakhalla er breytt og skal vera á bilinu 40-45 gráður.

Reitur fyrir bílskúr er felldur út.

Rök fyrir þessum breytingum eru að minnka umfang nýbyggingarinnar á þessum viðkvæma stað. Varðandi þakhalla og hæð er tekið mið af húsunum í nágrenninu.



Kennisnið mkv. 1:500

Breyting á skilmálatexta felst í að heimild til að hafa útvegi múrhúðaða er felld út.

## SKILMÁLATEXTI

Nýbyggingin verður hluti af þyrpingu sem mynduð er ef Clausenshúsi, Norska húsi, Ráðhúsi og apóteki. Öll hafa þessi hús mikið varðveislugildi og saman mynda þau fágæta þyrpingu sem hefur menningarsögulegt mikilvægi. Þar að auki verður nýja húsið hluti af þeirri sérstæðu götumynd sem sjá má þegar horft er niður Skólástíginn.

Með það að markmiði að nýbyggingin taki fullt tillit til þessa umhverfis þá gilda um þær eftirfarandi skilmálar auk Byggingar- og skipulagsreglugerða:

## UPPDRÁTTUR BREYTTIST EKKI

Meginform húsanna er skilgreint með byggingarreit og kennisniði. Þakkantar húsanna skulu mest ná 250 mm út fyrir ystu brún klæðningar og skulu mest vera 200 mm þykkir.

Opnar svalir mega ná 1500 mm út fyrir byggingarreit. Bindandi lína merkir að hluti byggingar skuli liggja að henni.

Við gluggasetningu skal lögð áhersla á að útsýni og birtustig vistarvera, þ. e. að notagildi og eðlilegar kröfur nútímans verði í fyrirrúmi.

Æskilegt er að gluggaform taki mið af gömlu húsunum þannig að lóðrétta hlið gluggana sé höfð lengri en sú lárétta.

Við frágang utanhúss er einungis heimilt að nota einhver eftirtalinnar byggingarefna:

Þök:

Báruð málmklæðning (hefðbundin bára), læst zinkklæðning, læst koparklæðning og listað pappapak.


Veggir:

Timburklæðning, standandi báruð málmklæðning og listað pappaklæðning.

## TILLAGA AÐ BREYTTUM TEXTA OG KENNISNIÐI

Byggingareitur er ætlaður fyrir íbúðarhús en heimilt er að hafa safnastarfsemi á jarðhæð hússins. Byggingareitur er 8 m x 12 m og er heimilt að fullbyggja hann innan kennisniðs.

Leyfileg hámarkshæð mænis er 8,7 m frá botnplötu. Þakhalli er á bilinu 40-45 gráður.



Nýbyggingin verður hluti af þyrpingu sem mynduð er ef Clausenshúsi, Norska húsi, Ráðhúsi og apóteki. Öll hafa þessi hús mikið varðveislugildi og saman mynda þau fágæta þyrpingu sem hefur menningarsögulegt mikilvægi. Þar að auki verður nýja húsið hluti af þeirri sérstæðu götumynd sem sjá má þegar horft er niður Skólástíginn.

Með það að markmiði að nýbyggingin taki fullt tillit til þessa umhverfis þá gilda um hana eftirfarandi skilmálar auk Byggingar- og skipulagsreglugerða:

Meginform hússins er skilgreint með byggingarreit og kennisniði. Þakkantar hússins skulu mest ná 250 mm út fyrir ystu brún klæðningar og skulu mest vera 200 mm þykkir.

Opnar svalir og stigar mega ná 1500 mm út fyrir byggingarreit. Bindandi lína merkir að hluti byggingar skuli liggja að henni.

Við gluggasetningu skal lögð áhersla á að útsýni og birtustig vistarvera, þ. e. að notagildi og eðlilegar kröfur nútímans verði í fyrirrúmi.

Æskilegt er að gluggaform taki mið af gömlu húsunum þannig að lóðrétta hlið gluggana sé höfð lengri en sú lárétta.

Við frágang utanhúss er einungis heimilt að nota einhver eftirtalinnar byggingarefna:

Þök:

Báruð málmklæðning (hefðbundin bára), læst zinkklæðning, læst koparklæðning og listað pappapak.

Veggir:

Timburklæðning, standandi báruð málmklæðning og listað pappaklæðning.



STYKKISHÓLMUR - AÐALSKIPULAG

2002 - 2022

Deiliskipulagsbreyting þessi sem grenndarkynnt hefur verið skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

frá 12.12.2012 til 13.12.2012

var samþykkt í bæjarstjórn þann 13.12.2012 2012.

Gyða Steinsdóttir

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B- deild

Stjórnartíðinda þann 8.01.2013 2012.

Kortagrunnur er frá loftmyndum ehf.

## STYKKISHÓLMUR MIÐBÆR 340 STYKKISHÓLMUR

### DEILISKIPULAGSBREYTING BREYTING Á REIT A

Breyting: Teikn.nr.: A-01

Útgáfud.: 12.12.2012 Mkv.: 1:1000

Verknr.: 2041168 Teikn. BBJ Yfir. SK

### DEILISKIPULAGSBREYTINGAR- UPPDRÁTTUR

GLÁMA·KÍM

Arkitektar Laugavegi 164 ehf, 105 Reykjavík  
s: 530-8100, f: 530-8101, kt: 560 496 2739  
glamakim@glamakim.is, www.glamakim.is

TEIKNINGU ÞESSA MÁ EKKI AFRITA MEÐ NEINUM HÆTTI AÐ HLUTA TIL EÐA Í HEILD ÁN SKRIFLEGS LEYFIS HÖFUNDAR